Þjóðsagnaheimur Ásgríms



„Ertu kominn hér Kjafta-Leifi," spyr tröllkonan. Úr þjóðsögunni um Galdra-Leifa. Myndin gerð um 1948.

Samtal við Bjarnveigu Bjarnadóttur í tilefni af heiðurssýningu á verkum Ásgríms Jónssonar

Í NÆSTA mánuði heldur Reykjavíkurborg heiðurssýningu á Kjarvalsstöðum á verkum Ásgríms Jónssonar í tilefni af aldarafmæli hans. Sýningin verður opnuð 6. marz, og verða þar eingöngu sýnd verk, sem Ásgrímur ánafnaði þjóð sinni.

Fer hér á eftir samtal við frú Bjarnveigu Bjarnadóttur forstöðukonu Ásgrímssafns um undirbúning sýningarinnar. Blaðinu er kunnugt um, að þar verður m.a. fjöldi mynda úr vinnubókum, sem áður hefur ekki verið sýndur, og spurði frú Bjarnveigu sérstaklega um þessar myndir.



Björgun úr sjávarháska. Myndin gerð árið 1905.



Mjaðveig Mánadóttir og tröllið. Teiknuð árið 1957.

— Já, þetta eru mjög merkilegar myndir, ýmist gerðar með blýanti, penna, tússi eða kolum. Líka nokkrar með vatnslitum. Ásgrímur hefur lagt mikla rækt við teikninguna. Enda minnist ég þess, þegar fyrir kom að ég var stödd hjá honum, og ungir myndlistarmenn komu til hans í heimsókn — og auðvitað var rætt um myndlist — hve Ásgrímur lagði ríka áherzlu á teikninguna, hún væri í rauninni undirstaðan að alvarlegu myndlistarnámi.

— Og þessar myndir eru ný uppgötvun á listaverkagjöf Ásgríms. Hvers vegna hafa þær ekki komið fram í dagsbirtuna fyrr en nú?

— Ástæðan er sú, að skömmu eftir andlát Ásgríms hófum við Jón bróðir hans skrásetningu á gjöf hans. Þar á meðal komu í ljós 150 vinnubækur. Við skrásettum þær þannig að við töldum öll blöð í hverri bók, og hve margar myndir væru í bókinni, en á mörgum blöðum voru myndir báðum megin, en sum blöðin auð. Við skráðum síðan báðar tölurnar á kápu bókarinnar. En við Jón höfðum hreinlega ekki tíma til þess að rannsaka hvað bækurnar höfðu að geyma af myndlist. Síðan hafa þær legið ósnertar í húsi Ásgríms þar til á s.l. ári, þegar farið var að hugsa fyrir heiðurssýningunni á Kjarvalsstöðum í tilefni aldarafmælis hans. Elztu myndirnar í þessum vinnubókum eru gerðar um aldamótin, og síðan allt fram til ársins 1950. Og þess var gætt þegar innrömmun hófst á þessum myndum, að báðar myndirnar kæmu í ljós á sumum blaðanna.

Í marz á s.l. ári hófum við Þórir Sigurðsson teiknikennari rannsóknina, og það var mikið starf, en mjög ánægjulegt. Við vorum svo heppinn að ártöl voru á nokkrum myndanna, og drógum við þá ályktun af ártalinu að sú bók væri frá því ári. Líka má sjá skyldleika með myndum, og hafa slíkt til hliðsjónar. Og ýmislegt kom okkur á óvart, t.d. komu í ljós bækur sem í voru bæði teikningar og vel skrifaðar nótur. Ásgrímur var ákaflega músíkalskur, hefir ef til vill dottið í hug stef við teikningu sem hann var með þá stundina.

Þegar þessu vinnubóka-verki okkar Þóris Sigurðssonar lauk, tók Hjörleifur Sigurðsson listmálari við, en hann rannsakaði þjóðsagnateikningar sem lágu í möppum, sumar seinni tíma verk. Líka þjóðsagna-stúdíur málaðar með vatnslitum. Þar kom líka margt merkilegt í ljós. Allar þessar myndir, um 120 að tölu, hafa verið innrammaðar undanfarna mánuði. Þeir sem það verk önnuðust lögðu sig fram við að vinna verkið sem bezt og smekklegast.



Bjarnveig Bjarnadóttir.

— Og viðfangsefni Ásgríms í þessum vinnubókamyndum munu aðallega vera þjóðsögur okkar?

Það er greinilegt að þær hafa verið honum mjög hugleiknar alla ævi. Og síðasta verk Ásgríms, sem hann vann á fjórum dögum fyrir andlát sitt, er þjóðsagnamynd, og má af því marka, að þessar merkilegu bókmenntir okkar hafa verið honum umhugsunarefni fram í andlátið. En myndina gat hann ekki lokið við. Og ekki má gleyma Íslendingasögunum. Þær voru einnig mikið og margþætt viðfangsefni í myndlist Ásgríms, sérstaklega Njála og Grettissaga.

— Hefur tekizt að leiða í ljós hvaða þjóðsögur Ásgrímur hefur haft í huga þegar hann gerði myndirnar?

Já, — ekki þó alltaf. Þórir var þar mikil hjálparhella. Einnig Jón bróðir Ásgríms. Líka Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Jóhann Briem listmálari. Svo voru nú vissar þjóðsagnapersónur augljósar, eins og **Djákninn frá Myrká** og **Mjaðveig Mánadóttir,** en þær eru eins og rauður þráður svo að segja alla tíð í þessum þjóðsagnamyndum. Mér er nær